

Fimmtudaginn 2. apríl 1992.

Nr. 349/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissáksóknari)

gegn

Þorra Jóhannssyni

(Magnús Thoróddsen hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1991 og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

I.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, var gerð leit í farangri ákærða við komu hans til Keflavíkurflugvallar með flugvél frá Kaupmannahöfn 20. maí 1989. Í framburði Þórðar Erics Hilmarssonar rannsóknarlögreglumanns og Elíasar Kristjánssonar tollvarðar fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum kemur fram, að þeir hafi unnið saman að leitinni og þá fundist hass í vasa á buxum í tösku ákærða.

Efni það, sem fannst, var rannsakað og vegið á Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands og reyndist vera 0,67 gr. af kannabis, sem er sama magn og tilgreint er í ákæru.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að Þórður Eric hafi einn leitað, en tollvörðurinn hafi komið í leitarklefann, þegar Þórður Eric hafi verið að ljúka leitinni. Þá hafi Þórður Eric þótt finna efnið og með einhverjum ráðum fengið tollvörðinn til að bera ljúgvitni.

Eftir uppsögu héraðsdóms óskaði skipaður verjandi ákærða fyrir Hæstarétti þess, að teknar yrðu skýrslur af þremur samferðamönnum ákærða, sem sætt hefðu sams konar leit. Var það gert í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 6. febrúar 1992 og skýrslurnar lagðar fram í Hæstarétti. Báru þeir allir, að óeinkennisklæddur lögreglumaður og tollvörður hefðu annast leit á þeim og í farangri þeirra.

Ekkert er fram komið í máli þessu, sem dregur úr trúverðugleika framburðar þeirra Þórðar Erics Hilmarssonar og Elíasar Kristjánssonar um tildrög þess, að hass fannst í buxnavasa ákærða við fyrrnefnda leit. Er brot ákærða því sannað.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, svo sem í dómsorði segir.

Við meðferð máls þessa í héraði sinnti ákærði ekki ábendingu dómara um að óska eftir skipun verjanda, en hélt sjálfur uppi vörn um með ósönnuðum stóryrðum í garð lögreglumannsins Þórðar Erics Hilmarssonar. Ber að átelja ákærða fyrir þessi ummæli hans.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 28. ágúst 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 28. ágúst, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Bjarna Stefánssyni ftr. og þá upp kveðinn dómur í máli ákæruvaldsins gegn Þorra Jóhannssyni.

Málið, sem dómtekið var 27. ágúst 1990, er höfðað með ákæruskjali, dags. 7. mars 1990, á hendur Þorra Jóhannssyni, Hringbraut 54, Reykjavík, kt. 250163-6579, „fyrir að hafa 20. maí 1989 flutt með sér hingað til lands frá Kaupmannahöfn 0,67 g af hassi, sem fannst við leit í farangri hans við komu til Keflavíkurflugvallar”.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986.

Þess er krafist af hálfu ákæruvaldsins, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindu hassi samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986.

Ákærði hefur náð sakhæfisaldri og hefur samkvæmt sakavottorði, dags. 20. júlí 1990, sætt eftirtöldum kærur og refsingum:

- 1979 20.6. Sakadómur Reykjavíkur. Sátt: 20.000 kr. sekt f. brot gegn 244. gr. alm. hgl.
- 1980 11.1. Fíkniefnadómur. Nr. 1100. Sátt: 30.000 kr. sekt f. brot gegn l. nr. 65, 1974, um áv- og fíkn. og rg. nr. 390, 1974.
- 1982 13.12. Fíkniefnadómur. Nr. 1778. Sátt: 1.200 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65, 1974, um áv- og fíkn. og rg. nr. 390, 1974.
- 1985 13.5. Fíkniefnadómur. Nr. 2366. Sátt: 3.500 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65, 1974, um áv- og fíkn. og rg. nr. 390, 1974.
- 1985 6.6. Sakadómur Reykjavíkur. Nr. 311. Dómur: Fangelsi 30 daga, skb. 3 ár, f. brot g. l. mgr. 155. gr. alm. hgl.
- 1988 7.2. Sakadómur Reykjavíkur. Nr. 1400. Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot g. 21. gr. umfl.

Málsatvik.

Hinn 20. maí 1989 var gerð líkamsleit á ákærða, Þorra Jóhannssyni, á Keflavíkurflugvelli eftir komu hans flugleiðis frá Kaupmannahöfn. Leit þessa gerðu Þórður Eric Hilmarsson, rannsóknarlögreglumaður við ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík, og Elías Kristjánsson, tollvörður á Keflavíkurflugvelli. Við nefnda leit fannst lítilræði af hassi í buxnavasa í farangri ákærða.

Ákærði var af ofangreindum aðilum boðaður til skýrslugjafar hjá ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík 22. maí 1989, en fékk síðan að fara frjáls ferða sinna.

Við vigtun lögreglu reyndist hið ætlaða hass vega 0,5 g og var sérgreint á efnaskrá nr. 2307 og þar skráð svo:

„Brúnt hass 0,5 g.”

Einnig var tekið fram á nefndri efnaskrá, að ofangreind fíkniefni hefðu við litaprófun lögreglu gefið jákvæða svörun sem kannabis.

Ákærði sinnti ekki ítrekaðri boðun lögreglu til yfirheyrslu, og að lokum var hann handtekinn 2. september 1989 og færður til yfirheyrslu.

Við nefnda lögreglu yfirheyrslu kvaðst ákærði ekki hafa verið með hass í fórum sínum, er leitinn var gerð, við fyrrnefnda komu frá Kaupmannahöfn. Kvað ákærði lögreglumanninn og tollvörðinn hafa logið því á sig, að hann hefði verið með hass í fórum sínum. Sakaði ákærði ofangreinda aðila um blákalda lygi gagnvart sér og persónulegar ofsóknir. Ákærði kvað lögreglumanninn í fyrstu hafa verið einan við framkvæmd leitarinnar, en tollvörðurinn hefði ekki komið þar nærri fyrr en við lok leitarinnar og ekkert hass hefði fundist.

Vitnið Elías Kristjánsson tollvörður var yfirheyrt af lögreglu vegna þessa máls 5. september 1989. Kvaðst vitnið hafa verið við skyldustörf á vinnustað sínum 20. maí 1989 og kvaðst hafa ákveðið að gera líkamsleit á ákærða, er var að koma flugleiðis frá Kaupmannahöfn í umrætt sinn. Vitnið kvað Þórð Eric Hilmarsson rannsóknarlögreglumann hafa aðstoðað sig við leitina, sem fór fram í þar til gerðum klefa, og hefði Þórður fundið hassmola í vasa á buxum, er geymdar voru í ferðatösku ákærða. Áður hefðu þeir gert líkamsleit á ákærða, en ekkert fundist. Vitnið kvað ákærða hafa sagt, er hassmolinn fannst: „Æ, gleymdi ég þessu hérna?“ Sérstaklega spurt um, hvort annar hvor þeirra hefði verið einn við leit á ákærða, kvað vitnið svo ekki hafa verið. Vitnið kvað ákærða síðan hafa verið boðaðan til skýrslugjafar hjá ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík mánudaginn 22. maí 1989.

Vitnið Þórður Eric Hilmarsson rannsóknarlögreglumaður var yfirheyrt af lögreglu vegna þessa máls 18. september 1989. Við nefnda yfirheyrslu kvaðst vitnið hafa aðstoðað Elías Kristjánsson tollvörð við að gera líkamsleit á ákærða á Keflavíkurflugvelli við komu þess síðarnefnda frá Kaupmannahöfn 20. maí 1989. Einnig hefðu þeir leitað í farangri ákærða, og við þá leit hefði fundist hassmoli í vasa á buxum, er voru í farangri ákærða. Vitnið kvaðst muna viðbrögð ákærða, er molinn fannst, og hefði ákærði sagt: „Æ, var lús eftir í vasanum?“ Vitnið kvað ákærða ekki hafa verið handtekinn í umrætt sinn vegna fyrirhugaðrar leitar á fleiri farþegum og einnig þess, að ákærði kannaðist við að eiga nefndan hassmola, en ákærði hefði verið boðaður til yfirheyrslu hjá ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík mánudaginn 22. maí 1989.

Sérstaklega spurt kvaðst vitnið ekki hafa byrjað leit, fyrr en nefndur tollvörður var kominn inn í leitarklefann, enda væri það föst starfsregla, að leit á fólki færi ekki fram, nema tveir væru viðstaddir. Vitnið kvað það hins vegar hafa getað gerst, að vitnið hefði farið með ákærða inn í leitar-klefann, en þá hefði verið beðið með leit, þar til tollvörðurinn kom.

Hinn 10. janúar 1990 var ákærða af embætti þessu boðið að ljúka ofangreindu máli með dómsátt. Ákærði hafnaði þeim málalokum og kannaðist ekki við ofangreint brot sitt. Kvaðst ákærði ekki hafa verið með fíkniefni á sér í umrætt sinn og kvaðst telja lögreglu hafa komið fíkniefnunum fyrir á sér.

Hinn 11. janúar 1990 sendi lögregla ofangreind ætluð fíkniefni, sérgreind á efnaskrá nr. 2307, Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Svohljóðandi niðurstaða, dags. 23. janúar 1990, barst frá nefndri stofnun:

„Ávana- og fíknilyf og -efni.- Matsgerð nr. 1066:

Beiðni lögreglunnar í Reykjavík, sem dagsett er 11. 1. 1990, sbr. hjálagt ljósrit (ref. 90007).

Sýni E-2307-A: Sýnið var brúnn köggull, 0,67 g að þyngd. Með tiltækum rannsóknaraðferðum mátti staðfesta, að sýnið væri kannabis og magn tetrahydρόkannabinóls væri 88 mg/g.

Sýnið var þannig kannabis samkvæmt framansögðu.

F.h. Rannsóknastofu í lyfjafræði

Magnús Jóhannsson (sign.).“

Málið var sent ríkissaksóknara 20. febrúar 1990 og ákæra gefin út 7. mars 1990.

Ákærða var birt ákæra 25. apríl 1990 hér fyrir dómi og hann yfirheyrður um sakarefni. Ákærði var mjög ókurteis í nefndri dómsyfirheyrslu og viðhafði ýmis stóryrði í garð dómara, en sérstaklega þó í garð Þórðar Erics Hilmarssonar rlm. og kvað hann m.a. glæpamann og fíkniefnaneytanda.

Ákærði kvað sakarefni í ákæruskjali vera rangt og kvaðst ekki hafa verið með fíkniefni í sínum fórum við komu hingað til lands frá Kaupmannahöfn 20. maí 1989. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt fíkniefna, á meðan hann dvaldist í Kaupmannahöfn. Ákærði kvað Þórð Eric Hilmarsson hafa gert líkamsleit á sér á Keflavíkurflugvelli við heimkomuna, en engin fíkniefni hefðu fundist í fórum ákærða. Ákærði tók það fram, að Þórður hefði verið einn við framkvæmd leitarinnar, en tollvörður hefði komið, er Þórður var að ljúka leitinni.

Ákærði ítrekaði það við nefnda dómsyfirheyrslu, að engin fíkniefni hefðu fundist í fórum sínum og skýrsla tollvarðar um fund á fíkniefnum væri uppsuni. Ákærði kvaðst því ekki hafa verið boðaður til yfirheyrslu hjá lögreglu.

Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis, er ofangreint gerðist, en þó hefði hann ekki getað talist drukinn. Ákærði kvaðst hafa drukkið nokkra bjóra í flugvélinni á leiðinni heim. Einnig kvaðst ákærði hafa drukkið eitthvað af áfengi daginn áður. Ákærði tók það fram, að hann myndi glögg eftir nefndri líkamsleit.

Ákærði kvaðst telja, að Þórður hefði þóst finna efnið á sér og með einhverjum ráðum fengið tollvörðinn til að bera ljúgvitni.

Í lok nefndrar dómsyfirheyrslu tók ákærði það fram óspurður, að hann væri þeirrar skoðunar, að öll fíkniefni ættu að vera leyfileg hérlandis á sama hátt og áfengi.

Vitnið Þórður Eric Hilmarsson rlm., kt. 190752-3809, var yfirheyrt vegna þessa máls hér fyrir dómi. Við nefnda dómsyfirheyrslu kvaðst vitnið hafa vakið athygli Elíasar Kristjánssonar tollvarðar á fjórum aðilum, er voru að koma flugleiðis frá Kaupmannahöfn í umrætt sinn. Kvað vitnið nefndan tollvörð hafa ákveðið, að leitað skyldi á þessum fjórum aðilum, en einn þeirra var ákærði.

Vitnið kvaðst hafa aðstoðað nefndan tollvörð við líkamsleit á ákærða og einnig við leit í farangri hans. Sérstaklega spurt kvað vitnið leitina ekki hafa hafist, fyrr en vitnið og tollvörðurinn voru báðir komnir með ákærða inn í leitarklefann.

Vitnið kveðst hafa fundið lítilræði af ætluðu hassi í vasa á buxum, er voru í farangurstösku, er ákærði kvað vera sína. Vitnið kvað nefndan tollvörð hafa verið viðstaddan, er vitnið fann hið ætlaða hass.

Vitnið kvað ákærða hafa sagt: „Æ, var lús eftir í vasanum?“ — er vitnið fann hið ætlaða hass.

Vitnið Elías Kristjánsson tollvörður, kt. 310854-2719, var yfirheyrð hér fyrir dómi vegna þessa máls. Við nefnda dómsyfyrheyrslu kvað vitnið þrjá aðila hafa komið flugleiðis hingað til lands frá Kaupmannahöfn umrætt sinn. Vitnið kvaðst hafa ákveðið að gera leit á þessum þremur aðilum, en einn þeirra hafi verið ákærði í máli þessu.

Vitnið kvað Þórð Eric Hilmarsson rlm. hafa aðstoðað sig við leitina á ákærða og kvað þá hafa gert líkamsleit á ákærða í þar til gerðum leitarklefa, og einnig hefði verið gerð leit í farangri ákærða. Vitnið kvað sig minna, að Þórður Eric hefði farið með ákærða inn í leitarklefann, en vitnið kvaðst hafa komið þar skömmu síðar. Eftir að vitnið kom inn í leitarklefann, kvað vitnið þá hafa byrjað leitina og Þórður Eric fundið ætlað hass í vasa á buxum, er voru í farangri ákærða. Sérstaklega spurt kvaðst vitnið hafa verið viðstatt, er Þórður Eric fann hið ætlaða hass.

Vitnið kvað ákærða hafa sagt: „Æ, gleymdi ég þessu hérna?“ — er hið ætlaða hass fannst.

Niðurstöður.

Telja verður fullsannað með framburði ofangreindra tveggja vitna þrátt fyrir neitun ákærða, Þorra Jóhannssonar, að ákærði hafi, eins og í ákæruskjali greinir, gerst sekur um að hafa 20. maí 1989 flutt með sér hingað til lands frá Kaupmannahöfn 0,67 g af hassi, sem fannst við leit í farangri hans við komu til Keflavíkurflugvallar.

Brot ákærða þykja í ákæruskjali réttilega heimfærð til refsíákvæða og því varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986.

Ákærði hefur samkvæmt ofanskráðu unnið til refsingar. Með vísan til þess auk annars ofanritaðs þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 16.000 kr. í fésekt til ríkissjóðs, enda komi í sektar stað fimm daga fangelsi, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt þessu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74, 1974, ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar.

Þá ber, svo sem í ákæruskjali er krafist, og með vísan til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, að dæma ákærða til að sæta upptöku á 0,67 g af hassi, sem sérgreind eru á efnaskrá nr. 2307 sem 0,5 g.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorri Jóhannsson, kt. 250163-6579, til heimilis að Hringbraut 54, Reykjavík, skal greiða 16.000 kr. í fésekt til ríkissjóðs, en sæta í sektar stað fimm daga fangelsi, greiðist sektin ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Upptæk skulu til eyðingar 0,67 g af hassi, sérgreind á efnaskrá nr. 2307 sem 0,5 g.
